

# Fundargerð 87. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, þriðjudaginn 6. júní kl. 12:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Góða hirðinum, Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Valgerður Rún Benediktsdóttir sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 86. fundar - 2210013SA**

Fundargerð lögð fram til samþykktar.

*Fundargerð 86. fundar samþykkt.*

**2. Aðgreining úrgangsflokka við sérstaka söfnun - 2304032SA**

Í tengslum við aðkomu sambandsins að endurskoðun umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins á reglugerð um meðhöndlun úrgangs hefur komið í ljós að varpa þarf skýrara ljósi á hvaða reglur gilda um aðgreiningu úrgangsflokka skv. 10 gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og fram kom á fundi verkefnisstjórnarinnar 24. apríl sl. Flosi H. Sigurðsson lögfræðingur sambandsins kynnti minnisblað um málið. Minnisblaðið var kynnt fulltrúum ráðuneytisins 8. maí og Umhverfisstofnunar 22. maí sl.

*Verkefnisstjórn telur mikilvægt að fá nánari upplýsingar um hvaða möguleikar eru til staðar til þess að aðgreina úrgangsflokka hérlendis sem safnað er saman í ílát, t.d. í aðgreindum pokum, eftir söfnun. Mikilvægt er að markmiðum um endurvinnslu sé náð og sveitarfélög þurfa að hafa góð og sannreynanleg gögn um að aðgreining úrgangsflokka eigi sér sannarlega stað séu úrgangsflokkar ekki aðgreindir í sér ílátum á upphafsstað. Stefnt er að því að taka málið aftur fyrir að nýju á næsta fundi verkefnisstjórnar.*

**3. Söfnun og önnur meðhöndlun dýraleifa - 2305036SA**

Verkefnisstjórnin óskaði eftir á síðasta fundi sínum 8. maí lögfræðilegri skoðun til að draga úr óvissu um ábyrgð sveitarfélaga á söfnun og annarri meðhöndlun aukaafurða dýra (dýraleifa), með tilliti til gildandi laga og reglugerða á sviði úrgangs og meðhöndlunar aukaafurða dýra, enda skiptir það sveitarfélögin miklu máli hverjar raunverulegar skyldur þeirra eru gagnvart málaflokknum. Flosi H. Sigurðsson lögfræðingur hjá sambandinu kynnti minnisblað sem hann hefur tekið saman.

Verkefnisstjórn telur að næstu skref hvað varðar ábyrgð sveitarfélaga varðandi söfnun, flutning og ráðstöfun aukaafurða dýra (dýraleifa) sé að kynna niðurstöður minnisblaðsins fyrir hagaðilum.

**4. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA**

Miklar breytingar eru að verða á starfsemi Úrvinnslusjóðs vegna laga 103/2021. Eygerður Margrétardóttir, sérfræðingur sambandsins, sem jafnframt á sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs sagði frá helstu málum er varðar kostnaðarpáttöku Úrvinnslusjóðs í kostnaði sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs.

Verkefnisstjórn telur mikilvægt að þrýst sé á Úrvinnslusjóð að koma í framkvæmd greiðslu til sveitarfélaga hvað varðar sérstaka söfnun sveitarfélaga á úrgangi. Jafnframt þurfi að kanna nánar forsendur sjóðsins fyrir þeirri gjaldskrá sem fyrir er.

**5. Könnun á úrgangsstjórnun sveitarfélaga - 2009232SA**

Sambandið stóð fyrir könnun meðal allra sveitarfélaga í febrúar til maí um úrgangsstjórnun og innleiðingu hringrásarhagkerfis vegna laga nr. 103/2021 en flestar lagakröfurnar komu til framkvæmda 1. janúar sl. Könnuninni var skipt í þrennt og unnin í tengslum við átakið „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ sem sambandið setti á fót í mars 2022 með aðstoð umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins. Könnunin er framhald af fyrri könnun sem var framkvæmd sumarið 2022 en ekki er vitað um sambærilega könnun á stöðu innleiðingar hjá lögaðilum eða öðrum þeim sem bera ábyrgð á að ná markmiðum laganna.

*Umræðu frestað til næsta fundar.*

**6. Municipal Waste Europe - 2009223SA**

Sambandið er aðili að Evrópsku samtökunum Municipal Waste Europe en þau eru evrópsk regnhlífarsamtökin sem standa fyrir ábyrga úrgangsstjórnun. Meðlimirnir eru svæðisbundin stjórnvöld í úrgangsmálum og sambærileg landsbundin eða svæðisbundin samtök. Eygerður Margrétardóttir sérfræðingur sambandsins sem er fulltrúi Íslands í samtökunum og sótti aðalfund og stefnumótunarfund samtakanna daganna 24. maí sl. Fyrir liggur skýrsla um starfsemi og ársreikning samtakanna 2022, dags. 24. maí auk fundargerðar síðasta stefnumótunarfundar frá 25. nóvember 2022 ásamt kynningu á helstu málum sem samtökin starfa nú að, dags. 23. maí.

*Umræðu frestað til næsta fundar.*

**7. Góði hirðirinn og nýir sjónvarpsþættir - 2112034SA**

Freyr Eyjólffsson sérfræðingur SORPU bs. kom á fundinn og sagði m.a. frá Kassanum sem er rými í Góða hirðinum sem er nýttur til margra hluta. Þar hafa verið haldin námskeið, vinnustofur, smíðaverkstæði, fundir, farið fram kvikmyndatökur, tónleikar og önnur starfsemi sem er í takt við inntak hringrásarhagkerfisins. Einnig mun hann segja frá nýjum sjónvarpsþáttum sem sambandið kemur að og sýndir verða á RÚV næsta vetur. Freyr Eyjólffsson vinnur að gerð þáttanna en þeir eiga að sýna hringrásarhagkerfið á ljóslifandi og skemmtilegan hátt, hvað fólk er að gera, tækifæri og áskoranir.

Verkefnisstjórn þakkar Frey fyrir góða kynningu á starfsemi Góða hirðisins og þeirri fræðslu sem er framundan og fagnar þeirri starfsemi sem fram fer í Góða hirðinum, enda stuðlar hún að myndun hringrásarhagkerfis.

**8. Líforkugarður á Dysnesi - 2202016SA**

Landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra (SSNE) og Vistorka fara fyrir verkefni í tengslum við uppbyggingu líforkuvers í Eyjafirði með stuðningi umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins. Meðal annars hefur verið unnin tillaga um vinnslu á dýraleifum sem annað gætu öllu landinu. Kristín Helga Schiöth verkefnisstjóri hjá SSNE kynnti stöðu verkefnisins.

Verkefnisstjórn fagnar þessu framtaki enda gæti sú lausn sem kynnt er leyst þann vanda sem ríkið á við að etja til þess að ráðstafa aukaafurðum dýra í áhættuflokki 1 og 2.

**9. Breytt innheimta sveitarfélaga - 2109026SA**

Frá síðustu áramótum er gerð sú krafa til sveitarfélaga að breyta innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs í anda mengunarbótareglu og innleiða svokallað Borgað þegar hent er (BPHE) kerfi. Sambandið hefur hleypt af stökkunum ýmsum stuðningsverkefnum með aðstoð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Sambandið hefur unnið flest þau verkefni í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Einnig er hafið samtal við Stafrænt Ísland um þróun þjónustugáttar fyrir íbúa vegna sérstakrar söfnunar við heimili. Málið var síðast á dagskrá verkefnisstjórnar 20. mars. Fjóla M. Ágústsdóttir leiðtogi stafræns umbreytingateymis sambandsins kom á fundinn og sagði frá þeirri vinnu sem framundan er við að nýta stafrænar lausnir og þróa þjónustugátt fyrir íbúa vegna innleiðingar BPHE.

Verkefnisstjórn telur mikilvægt að þróa áfram stafrænar lausnir sem tengjast innleiðingu BPHE, til þess að gera viðmót fyrir einstaklinga sem líkast, sama hvaða sveitarfélagi viðkomandi býr í og veita skýrar leiðbeiningar til einstaklinga. Verkefnisstjórn óskar eftir að fá frekari upplýsingar eftir því sem verkefnið þróast.

**10. Önnur mál - 2009111SA**

Næsti fundur var ákveðinn kl. 13 þann 3. júlí 2023 sem verður fjarfundur.

Fundi var slitið kl. 14:00

---

Steinþór Þórðarson

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Stefán Aspar Stefánsson